**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR** **2014/EES/76/11**

**frá 30. nóvember 2009**

**um breytingar á ákvörðunum 2002/741/EB, 2002/747/EB, 2003/200/EB, 2005/341/EB, 2005/342/EB, 2005/343/EB, 2005/344/EB, 2005/360/EB, 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2007/506/EB og 2007/742/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tilteknar vörur**

*(tilkynnt með númeri C(2009) 9599)*

(2009/888/EB) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/741/EB frá 4. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir afritunarpappír og grafískan pappír og um breytingu á ákvörðun 1999/554/EB ([2]) fellur úr gildi 31. maí 2010.

2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/747/EB frá 9. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir ljósaperur og breytingu á ákvörðun 1999/568/EB ([3]) fellur úr gildi 30. apríl 2010.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/200/EB frá 14. febrúar 2003 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir þvottaefni og um breytingu á ákvörðun 1999/476/EB ([4]) fellur úr gildi 28. febrúar 2010.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/341/EB frá 11. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir einkatölvur ([5]) fellur úr gildi 31. maí 2010.

5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/342/EB frá 23.mars 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir, er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir handuppþvottaefni ([6]), fellur úr gildi 31. desember 2010.

6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/343/EB frá 11. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir fartölvur ([7]) fellur úr gildi 31. maí 2010.

7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/344/EB frá 23. mars 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu ([8]) fellur úr gildi 31.desember 2010.

8) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/360/EB frá 26. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir smurefni ([9]) fellur úr gildi 31. júlí 2010.

9) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/799/EB frá 3. nóvember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir jarðvegsbæti ([10]) fellur úr gildi 3. nóvember 2010.

10) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/64/EB frá 15. desember 2006 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir vaxtarefni ([11]) fellur úr gildi 15. desember 2010.

11) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB frá 21. júní 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir sápu, hárþvottalög og hárnæringu ([12]) fellur úr gildi 21. júní 2010.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 318, 4.12.2009, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 44.
([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 237, 5.9.2002, bls. 6.
([3]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 44.
([4]) Stjtíð. ESB L 76, 22.3.2003, bls. 25.
([5]) Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 1.
([6]) Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 9.
([7]) Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 35.
([8]) Stjtíð. ESB L 115, 4.5.2005, bls. 42.
([9]) Stjtíð. ESB L 118, 5.5.2005, bls. 26.
([10]) Stjtíð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 28.
([11]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 137.
([12]) Stjtíð. ESB L 186, 18.7.2007, bls. 36.

12) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB frá 9. nóvember 2007 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur ([1]) fellur úr gildi 9. nóvember 2010.

13) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar á réttum tíma og einnig tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun sem settar eru fram í þessum ákvörðunum.

14) Vegna þess að þessar ákvarðanir eru á mismunandi stigum endurskoðunarferlisins er rétt að framlengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðananna og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem settar eru fram í þeim. Framlengja ber gildistíma ákvarðana 2002/741/EB, 2003/200/EB, 2005/341/EB, 2005/343/EB og 2002/747/EB til 31. desember 2010. Framlengja ber gildistíma ákvarðana 2005/342/EB, 2005/344/EB og 2005/360/EB til 30. júní 2011. Framlengja ber gildistíma ákvarðana 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2007/506/EB og 2007/742/EB til 31. desember 2011.

15) Því ber að breyta ákvörðunum 2002/741/EB, 2002/747/EB, 2003/200/EB, 2005/341/EB, 2005/342/EB, 2005/343/EB, 2005/344/EB, 2005/360/EB, 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2007/506/EB og 2007/742/EB til samræmis við það.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/741/EB komi eftirfarandi:

„*5. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „afritunarpappír og grafískur pappír“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2010.“

*2. gr.*

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2002/747/EB komi eftirfarandi:

„*5. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „ljósaperur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2010.“

*3. gr.*

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2003/200/EB komi eftirfarandi:

„*5. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „þvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2010.“

*4. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/341/EB komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „einkatölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2010.

*5. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/342/EB komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „handuppþvottaefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 30. júní 2011.“

*6. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/343/EB komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „fartölvur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2010.“

*7. gr.*

Í stað 3. gr. ákvörðunar 2005/344/EB komi eftirfarandi:

„*3. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „alhliða hreinsiefni og hreinsiefni fyrir hreinlætisaðstöðu“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 30. júní 2011.

([1]) Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 14.

*8. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2005/360/EB komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „smurefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 30. júní 2011.“

*9. gr.*

Í stað 6. gr. ákvörðunar 2006/799/EB komi eftirfarandi:

„*6. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „jarðvegsbætir“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2011.“

*10. gr.*

Í stað 5. gr. ákvörðunar 2007/64/EB komi eftirfarandi:

„*5. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „ræktunarefni“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2011.“

*11. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/506/EB komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „sápa, hárþvottalögur og hárnæring“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2011.“

*12. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2007/742/EB komi eftirfarandi:

„*4. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „rafknúnar eða gasknúnar varmadælur eða gasísogsvarmadælur“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun gilda til 31. desember 2011.“

*13. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Siim KALLAS

*varaforseti.*